

Byltingarárin 1945–1970

Kvöld

Á grunnsævi kvölds
flæðir gullinn straumur
um þéttriðin net
nakinna trjáanna
og fyllir þau ljóskvikum fiskum

Bráðum kemur rökkrið
undir brúnum seglum
og vitjar um aflann.

(Snorri Hjartarson, úr bókinni Lauf og stjörnur 1966)

Verkefni í ljóðgreiningu:

- a. Fyrst skaltu skoða form ljóðsins. Er ljóðinu skipt í erindi, ef svo er, er línufjöldi sá sami í öllum erindum? Hvernig er með hrynjandina, er hún reglubundin, er regla í lengd ljóðlína? Má einhvers staðar í ljóðinu finna rím? Má finna ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi) í ljóðinu?
- b. Um hvað snýst ljóðið, segir mælandi ljóðsins okkur sögu með því? Er ljóðið kannski mynd af einhverju ákveðnu, hverju? Hvað setur skáldið hér í mynd? Hvaða orðflokkur er áberandi í ljóðinu? Getur þú ímyndað þér hvaða árstími er í ljóðinu, hvernig? Athugaðu vel hvernig titill ljóðsins tengist efni þess. Athugaðu einnig hvernig skáldið beitir orðunum, hversu fá orð hann notar til að koma hugsun sinni og tilfinningu á blað. Hvernig beitir Snorri greinarmerkjum, hvaða áhrif hefur slík beiting?
- c. Hvers konar myndmál má finna í ljóðinu? Notar skáldið myndhverfingar, ef svo er, hvaða? Notar skáldið persónugervingar, og ef svo er, hvað er persónugert? Skoðaðu vel hvernig skáldið beitir myndum í stað margra orða. Skoðaðu líka vel að erindaskiptingin er ekki út í loftið, í seinna erindinu breytir um mynd. Athugaðu andstæður í ljóðinu, hvaða andstæðum er stefnt saman? Leyfðu töfrum ljóðsins að njóta sín, láttu það síast inn fyrir höfuðskelina og skynjaðu það.